

Þriðjudaginn 9. júní 1981.

Nr. 157/1980. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Valgeir Mgnússyni

(Jón Ólafsson hrl.).

Skjalafals. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var að ósk ákærða Valgeirs Magnússonar skotið til Hæstaréttar, en meðákærði vildi una héraðsdómi.

Af hálfu ákæruvalds hefur því verið lýst yfir, að felldir séu niður 3., 4., 6. og 7. tl. I. kafla ákæru að því er ákærða varðar. Koma þeir því eigi til álita, en héraðsdómari sýknaði ákærða af þessum ákæruatriðum.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal nýtt sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms var ákærði með dómi sakadóms Reykjavíkur 17. apríl 1980 dæmdur í eins mánaðar fangelsi, hegningarauka, fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 15. ágúst 1980 sakfelldur fyrir brot á 247. gr. sömu laga, en ekki gerð refsing, 9. janúar 1981 dæmdur í 4 mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga og 19. mars s. á. dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. sömu laga. Auk þess var honum með dómssátt í sama dómi 30. október 1980 gert að greiða 6.000 króna sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Eru brot ákærða heimfærð þar til rétttra refsíákvæða og gætt viðeigandi ákvæða að því er varðar ákvörðun um refsingu ákærða, sbr. og 71.

gr. svo og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því leyti sem um brot gegn 248. gr. þeirra laga er að tefla.

Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um refsingu ákærða.

Ákærði hefur að öllu leyti samþykkt skaðabótakröfur þær, sem hann er í héraðsdómi dæmdur til að greiða. Verður hann því dæmdur til að greiða Pósti og síma 75.00 nýkrónur svo og aðrar þær bótakröfur, er í dómsorði héraðsdóms greinir, með þeim breytingum, sem leiða af nýjum gjaldmiðli.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði. Einnig verður hann dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Valgeirs Magnússonar, á að vera óraskað.

Ákærði greiði Pósti og síma 75.00 krónur. Að öðru leyti eiga ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta af hálfu ákærða að vera óröskuð með þeim breytingum, sem leiða af nýjum gjaldmiðli.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði svo og allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. febrúar 1980.

Ár 1980, föstudaginn 29. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 112—113/1980: Ákæruvaldið gegn Jóni Árnasyni og Valgeir Magnússyni, sem tekið var til dóms daginn áður.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 4. jan. sl., gegn:

1 *Jóni Árnassyni*, Írabakka 8, Reykjavík, fæddum 30. júní 1941 í Reykjavík,

2 *Valgeir Magnússyni*, nú Brautarholti 22, Reykjavík, fæddum

1. maí 1947 í Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot, framin í Reykjavík á árinu 1979, nema annars sé getið:

I. Gegn ákærðu báðum er málið höfðað fyrir að standa saman í febrúarbyrjun 1979 í Reykjavík að fölsun og notkun á sjö tékkum, sem stúlkan H. Ó. Ó. ritaði heimildarlaust með nafni Áka Karlssonar sem útgefanda og reikningsnúmeri 4217-5, en ákærði Jón ritaði einn tékkann sjálfur með sama nafni og númeri. Tékkheftinu hafði verið stolið af nefndum manni aðfaranótt miðvikudagsins 7. febrúar 1979 á Hótel Borg, en ákærði Jón náð því af stúlkunni, er hún hafði ritað tékkana sex. Tékkarnir eru allir til handhafa og dagsettir 6. febrúar nema einn 7. febrúar. Eyðublöðin eru frá Búnaðarbanka Íslands, Austurhæjarútibúi:

1. Nr. 957407, kr. 180.000. Framseldur af ákærða Jóni, en ákærði Valgeir reyndi með aðstoð félaga síns K. D. að selja tékkann í veitingastaðnum Halta hananum, Laugavegi 178.

2. Nr. 957412, kr. 7.500. Framseldur af ákærðu báðum og notaður til greiðslu á ökugjaldi.

3. Nr. 957413, kr. 70.000. Framseldur af ákærða Jóni og notaður í viðskiptum í skartgripaverslun Jóns og Óskars, Laugavegi 70.

4. Nr. 957414, kr. 47.000. Framseldur af ákærða Jóni, sem fékk félaga sinn M. K. til að selja hann í Sunnubúðinni, Mávalíð 26.

5. Nr. 957415, kr. 10.000. Framseldur af ákærða Valgeir og notaður í viðskiptum í Goshúsinu, Vesturgötu 14.

6. Nr. 957417, kr. 15.000. Framseldur af ákærða Jóni og notaður í ónefndri verslun í Reykjavík.

7. Nr. 957419, kr. 46.000. Ritaður af ákærða Jóni og framseldur af honum. Notaður til greiðslu á skóm í Skóverslun Steinars Waage í Domus Medica.

Teljast verknaðir ákærðu allir varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II. Gegn ákærða Valgeir Magnússyni einum er málið höfðað fyrir að falsa eða gefa út í eigin nafni án innstæðu alls 15 tékka á eyðublöð frá Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, en tékkhefti hafði ákærði að eigin sögn fundið í bifreið, sem hann vann við að hreinsa til í, en tékkhefti þessu hafði verið stolið

frá eigandanum í desember 1978. Tékkarnir eru gefnir út og notaðir í apríl 1979 í Reykjavík. Þeir eru allir til handhafa með ýmsum reikningsnúmerum:

1. Nr. 3520836, kr. 26.000, dags. 11. apríl. Nafn útgefanda og reikningsnúmer ólæsilegt. Framseldur af ákærða og notaður til greiðslu á matvörum í Kjörbúð SS í Austurveri.

2. Nr. 3520837, kr. 10.000, dags. 11. apríl. Gefinn út í eigin nafni á tilbúið reikningsnúmer 5550 og notaður í Háaleitis Apóteki, Háaleitisbraut 68.

3. Nr. 3520838, kr. 12.000, dags. 11. apríl. Nafn útgefanda Hannes Pétursson. Reikningsnúmer illa læsilegt. Notaður til kaupa á vörum á bensínstöð Shell, Hraunbæ 102.

4. Nr. 3520839, kr. 22.000, dags. 11. apríl. Sama nafn og sama að segja um reikningsnúmer og notkun.

5. Nr. 3520840, kr. 10.000, dags. 11. apríl. Gefinn út í eigin nafni og seldur í Borgar Apóteki, Álftamýri 1—5. Reikningsnúmer 14489.

6. Nr. 3520841, kr. 10.000, dags. 11. apríl. Gefinn út í eigin nafni og notaður til greiðslu á vörum í versluninni Faldi s/f, Háaleitisbraut 68. Reikningsnúmer 14486.

7. Nr. 3520842, kr. 10.000, dags. 11. apríl. Gefinn út í eigin nafni. Óvíst um notkun. Reikningsnúmer 14614.

8. Nr. 3520843, kr. 17.000, dags. 11. apríl. Nafn útgefanda Páll Sveinbjörnsson. Framseldur af ákærða og notaður til greiðslu á vörum í söluturninum Kaplaskjólsvégi 1. Reikningsnúmer 14014.

9. Nr. 3520844, kr. 15.000, dags. 12. apríl. Gefinn út í eigin nafni. Óvíst um notkun. Reikningsnúmer 14814.

10. Nr. 3520845, kr. 15.000, dags. 12. apríl. Gefinn út í eigin nafni og notaður til greiðslu á vörum í söluturninum Grensásvegi 50. Sama reikningsnúmer.

11. Nr. 3520846, kr. 10.000, dags. 12. apríl. Gefinn út í eigin nafni og notaður til greiðslu á vörum í biðskýlinu Sogavegi 1. Sama reikningsnúmer.

12. Nr. 3520847, kr. 28.000, dags. 11. apríl. Nafn útgefanda Páll Farestveit. Tékkka þennan afhenti ákærði kunningja sínum H. S. K. í Reykjavík, en sá notaði hann til kaupa á bensíni í bensínstöðinni Torgi í Keflavík. Reikningsnúmer 16016.

13. Nr. 3520848, kr. 7.000, dags. 13. apríl. Gefinn út í eigin nafni og notaður til greiðslu á vörum í Umferðarmiðstöðinni við Hringbraut. Reikningsnúmer 14814.

14. Nr. 3520849, kr. 20.000, dags. 14. apríl. Gefinn út í eigin

nafni og notaður til greiðslu á vörum í versluninni Gosa, Skólavörðustíg 10. Sama reikningsnúmer.

15. Nr. 3520850, kr. 20.000, dags. 14. mars. Gefinn út í eigin nafni og notaður til greiðslu á vörum í Nesti h/f við Háaleitisbraut.

Teljast verknaðir ákærða í liðum 1, 3—4, 8 og 12 varða við 1. mgr. 155. gr. og liðum 2, 5—7, 9—11 og 13—15 við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Eftirtalдар fjárkröfur hafa komið fram á hendur ákærðu (vísað er í svigum til viðeigandi ákæruliðar):

Póstur og sími (I.2.): 7.500 kr.

Jón Sigurjónsson, Huldulandi 14 (I.3.): 70.000 kr.

Óskar Jóhannsson, Austurbrún 27 (I.4.): 47.000 kr. auk vaxta og kostnaðar.

Steinunn Hróbjartsdóttir, Kastalagerði 5, Kópavogi (I.5.): 10.000 kr. auk dráttarvaxta frá útgáfudegi til greiðsludags.

Sigurður Þormar, Sævargörðum 22, Seltjarnarnesi (I.6.): 15.000 kr.

Kjörbúðin Austurveri (II.1.): 26.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá útgáfudegi til greiðsludags.

Háaleitis Apótek (II.2.): 10.000 kr.

Olúfélagið Skeljungur h/f (II.3.): 12.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá sýningardegi til greiðsludags. Krafa þessi var síðar lækkuð um 7.000 kr.

Olúfélagið Skeljungur h/f (II.4.): 22.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá sýningardegi tékkans til greiðsludags.

Borgar Apótek (II.5.) 10.000 kr. ásamt kostnaði.

Verslunin Faldur s/f (II.6.): 10.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá útgáfudegi tékka til greiðsludags.

Olíuverslun Íslands (II.7. og 9.): 10.000 kr. + 15.000 kr. ásamt 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 17. apríl 1979.

Sigurður Þ. Björnsson, Öldugötu 51 (II.8.): 17.000 kr.

Gunnar Þorbjarnarson (II.10.): 15.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá útgáfudegi til greiðsludags.

Biðskýlið Sogavegi 1 (II.11.): 10.000 kr. auk dráttarvaxta frá útgáfudegi tékka til greiðsludags.

Bifreiðastöð Íslands h/f (II.13.): 7.000 kr. ásamt útlögðum kostnaði.

Verslunin Gosi, Skólavörðustíg 10 (II.14.): 20.000 kr.

Nesti h/f við Háaleitisbraut (II.15.): 20.000 kr.

I. Í febrúarmánuði 1979 voru notaðir í viðskiptum hér í borg sjö tékkar, sem ritaðir eru á eyðublöð úr tékkhefti Áka Karlssonar, Efstasundi 11, og allir bera falsaða nafnritun Áka. Samkvæmt skýrslu Áka hafði hann glatað veski sínu að kvöldi þriðjudagsins 6. febr., er hann var á Hótel Borg. Hrefna Ólöf Ólafsdóttir, þá til heimilis á Selfossi, en nú á Akureyri, hefur kannast við, að hún hafi ritað sex af umræddum sjö tékkum. Hún heldur því fram, að hún hafi fundið fyrir utan Bifreiðastöð Reykjavíkur í Lækjargötu veski með ýmsum plöggum og tékkhefti. Hrefna kveðst hafa verið að koma úr skemmtistaðnum Óðali og verið mjög drukkin. Hún telur, að hún muni hafa stungið veskinu á sig, að minnsta kosti hafi hún verið með það, er hún kom heim til ákærða Valgeirs, en þangað hafi hún farið í leigubíl. Þar hafi hún svo skrifað tékkana. Hún telur sig hafa gert það af fíkti, en ekki með það í huga að nota tékkana. Nafnið á tékkunum (Áki Karlsson) kveðst hún hljóta að hafa fundið á einhverjum plöggum í veskinu, því um Áka Karlsson hafi hún ekkert vitað. Hrefna kveðst svo hafa vaknað næsta dag þarna í íbúðinni og hafi hún þá munað eftir tékkunum og ætlað að eyðileggja þá, en þeir hafi þá verið horfnir. Telur hún sig ekki hafa afhent Jóni eða Valgeir þá og hún eigi engan þátt í notkun þeirra.

Ákærði Jón kveðst hafa tekið tékkheftið af Hrefnu og hann hafi svo notað tékka úr því, sem Hrefna hafði skrifað, og auk þess skrifað sjálfur einn tékka og notað.

Um notkun tékkanna þykir þetta leitt í ljós í málinu:

1. Tékkar þennan reyndi Kristján Dýrfjörð, Skúlaskeiði 16 í Hafnarfirði, að selja eða að fá lán út á í veitingastaðnum Halta hananum hér í borg að kvöldi 7. febr. 1979. Hann skýrir svo frá, að hann hafi komið til ákærða Valgeirs til þess að krefja hann um greiðslu á skuld. Valgeir hafi látið hann hafa tékka þennan án þess að láta þess getið, að hann væri falsaður, en ekki synjar Kristján fyrir, að sig hafi grunað, að ekki mundi allt með felldu um tékkann. Ákærði Jón segist hafa afhent Kristjáni tékkann heima hjá Valgeir, en tékki þessi er framseldur af Jóni. Skiptum Kristjáns við afgreiðslustúlku í Halta hananum lauk þannig, að kallað var á lögreglu, og Kristján og ákærði Valgeir, sem var í fylgd með honum, komu sér þá á burt. Var tékkinn þannig ekki keyptur, og varð hann eftir í veitingahúsinu.

2. Þessi tékki er framseldur af ákærðu báðum. Um feril hans

er ekki ljóst, en hann kom fram sem greiðsla til Pósts og síma. Jón segir, að sig minni, að hann hafi látið Valgeir hafa tékka þennan, og kannast Valgeir við það og minnir sig hafa greitt leigubílstjóra með tékkanum.

3. Fyrir þennan tékka keypti ákærði Jón, sem hefur framselt tékkann, gullhálsmen í skartgripaverslun Jóns og Óskars við Laugaveg. Menið kostaði 33.000 kr., og mismuninn fékk Jón greiddan í peningum. Jón kveður Valgeir engan þátt hafa átt í notkun þessa tékka, og ekkert er heldur annað komið fram í málinu, sem bendir til þess.

4. Tékka þennan framseldi Jón og fékk féлага sinn Má Kjartansson, Gnoðarvogi 36, til þess að selja tékkann fyrir sig í Sunnu-búðinni. Fram er komið, að það var heima hjá Valgeir, sem þeir Jón voru staddir, er Már tók við tékkanum, en Jón kveðst ekki telja, að Valgeir hafi átt neinn þátt í notkun tékkans, og Már kveðst ekki geta um það sagt, hvort svo hafi verið. Valgeir kannast ekki við þennan tékka.

5. Tékki þessi, sem framseldur er af Valgeir, var tekinn sem greiðsla í söluturninum Goshúsinu við Vesturgötu einhvern tíma kringum mánaðamót febrúar—mars 1979. Valgeir segir svo frá, að hann hafi fundið tékkann í dóti sínu, eftir að hann var fluttur af Grettisgötunni, og hafi hann notað tékkann til þess að kaupa fyrir hann.

6. Þessi tékki, sem framseldur er af Jóni, kom fram sem greiðsla í einhverri af verslunum, sem Sigurður Þormar, Sævargörðum 22, Seltjarnarnesi, rekur. Jón kannast við framsal sitt á tékkanum og kveðst efalaust hafa notað hann í einhverri verslun, er hann man nú ekki að greina. Ekki kemur fram í málinu, að Valgeir hafi átt þátt í notkun þessa tékka.

7. Þessi tékki ber allt aðra rithönd en þeir sex, sem lýst hefur verið. Er hann mjög illa skrifaður og nafnritun nær ólæsileg, en virðist þó helst eiga að vera Áki Karlsson. Jón kveðst sjálfur hafa skrifað þennan tékka. Hann hefur framselt tékkann með réttu nafni sínu. Fyrir tékka þennan keypti Jón skó í Skóverslun Steinars Waage. Ekkert er fram komið, er bendi til þess, að Valgeir hafi átt þátt í notkun tékkans.

II. Í apríl 1979 komu fram hér í borg fimmtán tékkar, sem falsaðir höfðu verið á eyðublöð úr tékkhefti Arthúrs Karls Farestveit, Hvannalundi 19 í Garðakaupstað. Arthúr tilkynnti rannsóknarlögreglunni 20. apríl, að tékkhefti hans hefði horfið nokkru fyrir næstliðin jól úr jakkavasa hans, en jakkinn hefði hangið

í fatahengi í skrifstofu hans Bergstaðastræti 10. Heftið hefði verið í veski, sem tekið hefði verið, en í veskinu hefðu einnig verið skilríki og um 7.000 kr. í peningum.

Veskisþjófnaðurinn hefur ekki upplýst, en hins vegar er leitt í ljós, að áðurnefndir 15 tékkar eru allir ritaðir af ákærða Valgeir Magnússyni. Kveðst Valgeir vera þannig kominn að heftinu, að hann hafi verið að hjálpa kunningja sínum við að hreinsa til í bílgarmi, sem hann hafi átt og staðið hafi í Borgartúni. Þar kveðst Valgeir hafa rekist á heftið í rusli undir aftursætinu og stungið á sig án þess að láta félaga sinn vita. Félaginn, Sigurður Jóhann Skúlason, segist ekkert um þetta vita. Eins og ákæru er háttað, er ekki þörf að rekja nánar gögn um þetta atriði, en svo sem sagt hefur verið, kannast Valgeir við ritun og notkun tékkanna 15.

Tékkunum er öllum rétt lýst í ákæru. Eins og þar greinir, undirritaði Valgeir suma þeirra, þ. e. þá, sem númeraðir eru 2, 5—7, 9, 10, 11 og 13—15, með rétttri nafnritun sinni, en til-tók reikningsnúmer af handahófi. Undir tékkana, sem númeraðir eru 1, 3, 4, 8 og 12, ritaði ákærði önnur nöfn. Um tékkann í 1. lið er það að segja, að nafnritun er næstum ólæsileg, skírnar-nafn virðist þó helst vera Stefán.

Ákærði notaði tékkana í ákærul. 1—6, 8, 10, 11 og 13—15 í ýmiss konar staðgreiðsluviðskiptum, eins og í ákæru segir. Um notkun tékkanna í liðum 7 og 9 kveðst ákærði ekki muna, en kannast við, að hann hafi ritað þá, og efalaust hafi hann notað þá í einhvers konar viðskiptum, líklega til greiðslu á öku-gjaldi. Tékkarnir hafa komið fram sem greiðsla til Olíuverslunar Íslands h/f. Tékkann í ákæruleið 12 fékk Valgeir kunningja sín-um Halldóri Sævari Kristjánssyni, sem síðar notaði tékkann í bensínsölunni Torgi, Keflavík. Þennan tékka greiddi Halldór síðan við rannsókn málsins.

Niðurstöður.

Telja verður sannað, að ákærðu hafi báðir staðið að notkun tékka þeirra, sem taldir eru í 1. og 2. lið I. kafla ákæru. Jón hefur notað í lögskiptum tékka þá, sem taldir eru í liðum 3, 4, 6 og 7, en ekkert er sannað um, að Valgeir hafi átt þátt í notkun þeirra tékka, og verður hann sýknaður að því leyti. Tékkann í 5. lið notaði ákærði Valgeir, en Jón verður sýknaður af ákæru um notkun þess tékka. Tékkar þessir báru allir falsaðar nafnritanir,

og varðar notkun ákærðu á þeim þá refsingu skv. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði Valgeir ritaði tékka þá, sem taldir eru í II. kafla, og notaði þá í lögskiptum. Hefur hann þannig unnið til refsingar skv. 155. og 248. gr. alm. hegningarlaga, svo sem rétt er greint í ákærinni.

Ákærðu eiga báðir langan brotaferil að baki, og fer hér á eftir listi um fyrri refsisdóma þeirra.

Ákærði Jón Árnason:

- 1958 8 mán. skilorðsb. fangelsi fyrir þjófnað
- 1959 1.500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot
- 1960 15 mán. fangelsi fyrir þjófnað
- 1965 7 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað
- 1965 1 mán. fangelsi (hegningarauki) fyrir þjófnað og hylmingu
- 1966 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað
- 1967 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað
- 1967 1 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað
- 1968 6 mán. fangelsi fyrir svik
- 1971 18 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað
- 1972 8 mán. fangelsi fyrir skjalafals
- 1975 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað
- 1975 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað
- 1975 Sakfelldur fyrir skjalafalsbrot, en refsing ekki dæmd. (Tveir dómar 19. des. með sams konar niðurstöðu).
- 1978 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað
- 1978 5 mán. fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og svik

Refsing ákærða Jóns verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga, þar sem um mörg brot er að ræða, svo og af 72. gr. sömu laga, þar sem ákærði verður að teljast vanaafbrotamaður. Refsing ákveðst fangelsi 4 mánuðir.

Ákærði Valgeir Magnússon:

- 1967 7 mán. skilorðsb. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað
- 1969 1 árs fangelsi fyrir svik og skjalafals
- 1969 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals
- 1970 20 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot
- 1970 4 mán. fangelsi fyrir hylmingu
- 1971 4 mán. fangelsi fyrir hylmingu
- 1972 14 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir skjalafals
- 1975 1 árs fangelsi fyrir þjófnað o. fl.
- 1978 2 mán. fangelsi fyrir árás og brot gegn 231. gr. hegnl.

1979 45 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot

1979 (5. sept.) 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals

Refsing Valgeirs verður ákveðin sem hegningarauki skv. 78. gr. hegningarlaga, þar sem brot hans eru öll framin áður en síðasti refsisdómur hans er kveðinn upp (5. sept. 1979). Höfð verður hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga, þar sem um mörg brot er að ræða, svo og 72. gr. sömu laga, þar sem ákærði verður að teljast vanaafbrotamaður. Samkvæmt þessu verður refsing Valgeirs ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Fjárkröfur þær, sem lýst var í upphafi, verða teknar til greina samkvæmt því, sem nú skal rakið:

Ákærðu verða dæmdir in solidum til greiðslu á kröfu Pósts og síma. Ákærði Jón verður einn dæmdur til greiðslu á kröfum Jóns Sigurjónssonar, Óskars Jóhannssonar og Sigurðar Þormar. Ákærði Valgeir verður einn dæmdur til greiðslu á kröfu Steinunnar Hróbjartsdóttur. Þá verður Valgeir einn dæmdur til greiðslu á kröfum þeim, sem spróttnar eru af tékkum skv. II. kafla ákæru og raktar hafa verið. Við kröfur Bifreiðastöðvar Íslands og Borgar Apóteks er það að athuga, að ekki er gerð grein fyrir neinum kostnaði, og krafa verður einungis tekin til greina að því er varðar höfuðstólinn.

Þar sem vaxta hefur verið krafist án þess vaxtahæð (prósenta) sé tilgreind í kröfu, verður vaxtahæð ákveðin sama sem vextir af alm. sparisjóðsinnstæðum (31% ársvextir).

Vextir af kröfu Steinunnar Hróbjartsdóttur verða eigi taldir frá útgáfudegi, þar sem ljóst er, að tékkinn var notaður í viðskiptum alllöngu síðar. Verður miðað við sýningardag, 2. mars 1979.

Ákærðu verða dæmdir in solidum til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði Jón Árnason sæti fangelsi 4 mánuði og ákærði Valgeir Magnússon fangelsi 7 mánuði.

Ákærðu greiði in solidum Pósti og síma 7.500 kr.

Ákærði Jón greiði:

1. Jóni Sigurjónssyni 70.000 kr.

2. Óskari Jóhannssyni 47.000 kr. ásamt 31% ársvöxtum frá 7. febr. 1979 til greiðsludags.

3. Sigurði Þormar 15.000 kr.

Ákærði Valgeir greiði:

1. Steinunni Hróbjartsdóttur 10.000 kr. ásamt 31% árs-
vöxtum frá 2. mars 1979 til greiðsludags.
 2. Kjörbúðinni Austurveri 26.000 ásamt 31% ársvöxtum frá
11. apríl 1979 til greiðsludags.
 3. Háaleitis Apóteki 10.000. kr.
 4. Olíufélaginu Skeljungi 25.000 kr. ásamt 31% ársvöxt-
um frá 11. apríl 1979 til greiðsludags.
 5. Borgar Apóteki 10.000 kr.
 6. Versluninni Faldi s/f 10.000 kr. ásamt 31% ársvöxtum
frá 11. apríl 1979 til greiðsludags.
 7. Oliuverslun Íslands h/f 27.000 kr. ásamt 3% mánaðar-
vöxtum frá 17. apríl 1979 til greiðsludags.
 8. Sigurði P. Björnssyni 17.000 kr.
 9. Gunnari Þorbjarnarsyni 15.000 kr. ásamt 31% ársvöxtum
frá 12. apríl 1979 til greiðsludags.
 10. Biðskýlinu Sogavegi 1 10.000 kr. ásamt 31% ársvöxt-
um frá 12. apríl 1979 til greiðsludags.
 11. Bifreiðastöð Íslands 7.000 kr.
 12. Versluninni Gosa 20.000 kr.
 13. Nesti h/f við Háaleitisbraut 20.000 kr.
- Ákærðu greiði kostnað sakarinnar in solidum.

Priðjudaginn 9. júní 1981.

Nr. 44/1979. **Kristján Guðmundsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
dánarbúi Guðmundar P. Magnússonar
(Jón Oddsson hrl.).

Búskipti. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigur-
jónsson, Ármann Snævarr, Magnús P. Torfason, Sigurgeir
Jónsson og Þór Vilhjálmsson.